21
4. júní

LÖG
um
breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Til sauðfjárbaðana í landinu má aðeins nota eina tegund baðlyfja, sem löggilt sje til þess af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu með ráði dýralæknis. Skulu gefnar út greinilegar leiðbeiningar um meðferð og notkun baðlyfsins.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sjer um, að búnar verði til í landinu nægar birgðir af baðlyfi til hinna fyrirskipuðu þrifabaðana og annara sauðfjárbaðana, sem kynni að þurfa að framkvæma. Skal baðlyfjagerðin háð eftirliti sjerfræðings, sem ráðuneytið kveður til þess. Þó skal ráðuneytinu heimilt að leyfa innflutning á samskonar baðlyfi þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sje það baðlyf alt nákvæmlega rannsakað, eftir nánari ákvæðum, sem ráðuneytið setur um það, og má eigi selja það innanlands nema það fullnægi þeim ákvæðum, sem sett hafa verið um hið löggilta baðlyf. Kostnað allan við eftirlit með baðlyfjagerð innanlands greiði framleiðandi baðlyfsins, en kostnað þann, sem leiðir af rannsókn innflutts baðlyfs, greiði innflytjandi.

3. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.